



Samtök um Kynheilbrigði

Ársskýrsla 2022-2023

Stjórn FKB

Formaður

Yvonne Kristín Fulbright, PhD, MEd

Gjaldkeri

Arna Garðarsdóttir, MS

Ritari

Anna Eir Guðfinnudóttir, MS

Meðstjórnendur:

Sóley S. Bender, PhD, MS

Helga Sigfúsdóttir, MS

Aðalfundur og starf stjórnar

Aðalfundur fór fram þriðjudaginn 24. maí 2022. Þar var ákveðið að Yvonne Kristín yrði formaður í eitt ár til viðbótar og Arna yrði áfram gjaldkeri. Anna Eir verður nýr ritari. Helga og Sóley verða meðstjórnendur. Stjórnin hefur fundað 11 sinum á síðasta ári.

Verkefni stjórnar á síðasta starfsári voru eftirfarandi:

- **World Sexual Health Day (WSHD) - 4. sept. 2022**
 - Stjórnin ákvað að taka þátt í WSHD. Áherslan þetta árið er á: "Let's talk sexual pleasure." Hugmyndin var að gera eitthvað sem sýndi að KynHeil legði áherslu á WSHD en einnig að gera samtökin sýnilegri. Skrifuð var grein í Fréttablaðið um kynferðislega ánægju.
- **30 ára afmæli samtakanna 28. sept.**
 - Í tilefni af 30 ára afmæli samtakanna voru skrifaðar greinar sem birtust í Fréttablaðinu í sept.
 - Greinarnar voru um hvert er næsta skref í kynfræðslu í stefnumótun kynfræðslu og þarfir unglinga í kynfræðslu (út frá skýrslu starfshóps) og um sögu félagsins og framtíðaráform.
 - Stjórnin ákvað að fresta 30 ára afmælishófi fyrir KynHeil og halda útgáfuhóf þegar heimasíðan og kennsluefnið "Kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks" kemur út.
 - Sóley bauð til kvöldverðar til að minnast tímamótanna með stjórninni.
- **Styrkur lýðheilsusjóðs**
 - KynHeil fékk styrk úr Lýðheilsusjóðni 7. apríl 2022 að upphæð kr. 500.000 til að bæta vefsíðuna kynheilbrigdi.is með því að leggja áherslu á ungt fólk. Auglýst var eftir tölvufræðinemendum hjá HR, tækniskólanum, HÍ, o.s.fr. Engin umsókn barst um starfið sem auglýst var á samfélagsmiðlum samtakanna varðandi uppsetningu heimasíðu

samtakanna. Stjórnin ákvað að biðja fram á haust með að auglýsa aftur.

- Stjórnin reyndi haustið 2022 að auglýsa aftur. Þá var Adam Dereszkiwicz, tölvufræðingur tilbúinn að taka verkið að sér.

- **Heimasíðan**

- Adam vann að heimasíðunni haustið 2022 og fram í byrjun mars 2023. Ýmsir erfiðleikar voru með vinnslu síðunnar og í apríl var fenginn grafískur hönnuður, Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, til að laga síðuna og hlaða inn efni. Halla er núna að vinna í lagfæringum á síðunni.
- Stjórnin hefur skrifað texta fyrir heimasíðuna þessi síðustu ár.
- Nýlega voru kynntar fyrir stjórninni þrjár teikningar Glódísar Garðarsdóttur til að nýta á forsíðu heimasíðunnar. Hefur hún verið beðin um að koma með tvær tillögur til viðbótar.
- Vefsíðan er næstum því tilbúin og stjórnin þarf að velja hýsingu fyrir hana. Það eru mörg fyrirtæki sem bjóða slíka þjónustu. Spurningin er hvort hægt sé að fá afslátt á hýsingu vegna þess að við erum frjálst félagasamtök.
- Stjórnin ræddi um að hafa samband við Landsbanka um hvort hann hefur áhuga á að styrkja samtökin vegna heilasiðunnar.

- **Styrkur Heilbrigðisráðuneytisins**

KynHeil hlaut 200.000 kr. styrk frá Heilbrigðisráðuneytinu þann 28. febrúar 2023. Styrkurinn er til félagasamtaka vegna verkefna á sviði heilbrigðismála. Sótt var um styrk til verkefnisins „Kynheilbrigði ungs fólks“. Styrkurinn er ætlaður í það verkefni að vera með námskeið fyrir kennara í framhaldsskólum um nýja kynfræðslunámsefnið „Kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks“. Einnig var óskað eftir styrk til að hanna kennsluefni fyrir námskeiðið.

- **Kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks – nýtt og endurbætt námsefni fyrir framhaldsskóla**

- Sóley og Yvonne hafa verið ritstjórar endurgerðs alhliða kynfræðsluefnis fyrir framhaldsskóla. Um er að ræða handbók fyrir kennara.
- Hluti vinnunnar fólst í því að skoða og meta athugasemdir frá fulltrúum fagfélaga og fleiri fagaðila varðandi eldra námsefni „Ungt fólk og kynlíf“.
- Einnig hefur verið tekið mið af helstu leiðbeiningum í Evrópu og Sameinuðu þjóðanna um efnisþætti og áherslur.
- Prófarkalestri handbókarinnar er nýlokið.
- Handbókin verður gerð aðgengileg rafrænt.

- **UN - Civil Society Assessment/Voluntary National Review**

Samtökin fengu eftirfarandi erindi: “Forsætisráðherra mun kynna stöðu Íslands gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun á ráðherrafundi í New York í júlí 2023. Þá verður kynnt skýrsla (*Voluntary National Review, VNR*) þar sem gerð er grein fyrir aðgerðum stjórnvalda í þágu markmiðanna og stöðu innleiðingar þeirra hér á landi. Við gerð þeirrar skýrslu sem skilað verður til Sameinuðu þjóðanna í júní á þessu ári verður farin sú nýlunda að óska eftir aðkomu og álitni frá borgarasamfélaginu um stöðu og innleiðingu markmiðanna (Civil Society Assessment)... Félag Sameinuðu

Þjóðanna á Íslandi eru að stýra þessi vinnu í vinnuhópum sem skrifa stuttan texta um stöðu Íslands gagnvart hverju heimsmarkmiði, bæði innanlands og í alþjóðastarfi”.

- KynHeil var boðin þátttaka í verkefninu og Helga var valin fulltrúi samtakanna.
 - Stjórnin ræddi heimsmarkmiðin og áherslur samtakanna.
 - Fyrri hópurinn er um jafnrétti kynjanna og aukin jöfnuð.
 - Seinni hópurinn er um heilsu og vellíðan og menntun fyrir alla.
 - KynHeil eða “Association for Sexual and Reproductive Health,” leggja áherslu á að tryggja jöfnuð varðandi rétt allra einstaklinga til kynheilbrigðis, t.d. minnihlutahópa, hinsegin og fatlaðra. Einnig að kennsla um kynheilbrigði sé fyrir alla.
 - Verkefnið gengur vel og er á lokametrunum.
- **IPPF**
 - Stjórnin var með vinnufund 8 okt. viðvíkjandi umsókn samtakanna í IPPF.
 - Sóley hafði samband við fulltrúa IPPF til að fá upplýsingar um umsóknarferlið.
 - Málið verður skoðað aftur seinna eftir að nýja heimasíðan er birt og nýja námsefnið komi út.
 - **Nýtt lógó samtakanna**
 - Stjórnin er enn að vinna með hönnuði að nýju lógói samtakanna.
 - Stjórnin hefur skoðað nýjar útgáfur af lógói. Ákveðið var á stjórnarfundum að biðja grafíska hönnuðinn um að vinna áfram með hugmyndir stjórnarinnar.
 - **Opinber nafnbreyting**
 - Á síðasta aðalfundi var nýtt nafn samtakanna samþykkt: Samtök um kynheilbrigði.
 - 27. mars 2023 skrifaði stjórnin undir umsókn um nafnbreytingu sem send hefur verið til Skattsins.
 - **Samfélagsmiðlar**
 - KynHeil hélt viðveru á samfélagsmiðlunum Facebook og Instagram.
 - Facebook er með 30 „Like” og 32 „Followers“ og það eru 66 sem fylgjast með KynHeil á Instagram.
 - **Fjölgun félagsmanna**
 - Búið er að skrifa uppkast að bréfi til að senda á möguleg samstarfsfélög og áhugasama einstaklinga.
 - Markmiðið er að senda bréfið þegar búið er að kynna heimasíðuna og nýja námsefnið er tilbúið.